

RÓTTÆKI SUMARHÁSKÓLINN

Námsskrá 2013



Uppfærð 1.7.2013

EFNISYFIRLIT

Róttæki sumaraháskólinn 2013.....	3
Náms- og aðgerðastofulýsingar	4
001 Understanding the Unthinkable: The Science and History of Nuclear Weapons	4
002 Félagsvæðing fjármálakerfisins.....	4
003 Palliéttybyltingin. Hinsegin aktívismi á tímamótum	5
004 Er vinstristefna of hrökafull?	5
005 Gegn kapítalisma og ríkisvaldi: Anarkó-kommúnismi og stofnun vefrits	6
006 Andóf gegn olíuvinnslu	6
007 Radicalizing food and farming in Iceland.....	6
008 Lýðræðisleg fyrirtæki og hagkerfið	7
009 Valdabaráttan í Hungurleikunum	7
010 Róttæki sumaraháskólinn: Hvað hefur unnist? Hvert stefnum við?	8
011 Afganistan: Gjald hefndarinnar. Biósýning og umræður um vestræna íhlutunarstefnu ...	8
012 Niður með auðvaldið! Um andkapítalíska baráttu innan íslenska vinstrisins	9
013 Banning the bomb: a new campaign to abolish nuclear weapons	9
014 Radical Unions and You	10
Um umsjónarkonur og -menn	11

Róttæki sumarháskólinn 2013

Róttæki sumarháskólinn hóf göngu sína sumarið 2011, með tólf námsstofum um róttæk fræði og aktívisma. Viðfangsefnin voru allt frá anarkisma og femínisma til kennslufræði og neysluhyggju. Sumarháskólinn var haldinn að nýju sumarið 2012 með svipuðu sniði, þá með fjórtán námsstofum. Á meðal nýrra viðfangsefna voru náttúruvernd, verkalýðsbarátta og neytendasamvinna.

Nú er Róttæki sumarháskólinn haldinn í þriðja sinn, með svipuðum fjölda námsstofa og áður. Meðal nýrra málefna á dagskránni eru hinsegin aktívismi, olíuvinnsla, kjarnorkuvopn og matarpólitík. Sem fyrr vinnur allt umsjónarfólk og skipuleggjendur í sjálfboðavinnu og án endurgjalds.

Í ár er bryddað upp á tveimur nýjungum: Fjórar námsstofur fara að þessu sinni fram á ensku, með umsjónarfólki sem heimsækir okkur frá Skotlandi og Bandaríkjunum. Hin nýjungin er að við bjóðum upp á svokallaðar „aðgerðastofur.“ Í þeim er ætlunin að tengja það sem fram fer við aðgerðir og aktívisma með beinni hætti en áður. Markmiðið með aðferðastofum er þannig ekki bara að uppfærða, heldur að leiða til þess að þátttakendur taki höndum saman um frekara pólitískt starf í framhaldinu.

Róttæki sumarháskólinn byggir á þeirri reglu að kennslan er ókeypis og öllum aðgengileg. Engar kröfur eru gerðar til þátttakenda um menntun, bakgrunn eða reynslu. Allt námsefni er ókeypis, og aðgengilegt á netinu. Leitast er við að haga tímasetningu þannig að sem flest vinnandi fólk geti sótt námsstofur. Í ár hefst dagskráin á virkum dögum klukkan 18:00, en á helgum klukkan 13:00. Lengd hverrar kennslustundar er ein klukkustund og 45 mínútur. Nokkar námsstofur verða kenndar í tveimur kennslustundum, og eru þær merktar sérstaklega í námsskránni.

Allir þátttakendur í Sumarháskólanum 2013 eru sérstaklega hvattir til að taka þátt í aðgerðastofu númer 010, „Hvað hefur unnist? Hvert stefnum við?“ Þar verður rætt um stefnu og framhald Róttæka sumarháskólans.

Róttæki sumarháskólinn hlakkar til að hitta þig!



Myndir í námsskrá: Rini Templeton

Náms- og aðgerðastofulýsingar

- 📖 = Námsstofa ≈ Fyrst og fremst hugmyndir og umræður
 ⚡ = Aðgerðastofa ≈ Áhersla á að skapa aðgerðir og framkvæmdir
 ✳️ = Tvöfaldur tími
 EN = Fer fram á ensku

001 UNDERSTANDING THE UNTHINKABLE: THE SCIENCE AND HISTORY OF NUCLEAR WEAPONS 📖 EN

Umsjón: Tom Ellington

Lýsing: This seminar will serve as an introduction to the science and history of nuclear weapons. By the conclusion of the seminar, participants will be sufficiently knowledgeable about nuclear weapons to engage effectively and confidently in anti-nuclear activism. Topics covered will include the basic physics behind fission and fusion reactions, construction of both atomic and hydrogen bombs and a history of nuclear proliferation, starting with the Manhattan Project and continuing to North Korea's efforts to become a nuclear-weapons state. In that context we will discuss close calls in the Nuclear Age, including the Cuban Missile Crisis, the war scare of 1983 and current prospects for nuclear terrorism. We will also discuss blast effects for single weapons and the prospective global impacts of a large-scale nuclear exchange. The language of instruction will be English. Active participation by seminar members is welcome and encouraged.

Tími: Saturday August 17 · 18:00–19:45

002 FÉLAGSVÆÐING FJÁRMÁLAKERFISINS 📖

Umsjón: Tinna Þorvaldsd. Önnudóttir og Þorvaldur Þorvaldsson

Lýsing: Skipbrot fjármálakerfisins árið 2008 hefur haft miklar afleiðingar fyrir kjör almennings um allan heim. Ríkisstjórnir hafa ausið fé í björgunaraðgerðir til handa bönkum og fjármálastofnunum, en slíkar aðgerðir eru einkum fjármagnaðar með niðurskurði á almannajónustu og hækkun neysluverðs. Í ljósi þess að almenningur og ríkisvald eru þannig neydd til að halda uppi ósjálfbæru bankakerfi, hafa margir róttækir vinstriflokkar spurt hvort ekki sé rökrétt og sanngjarnt að setja þetta kerfi beint undir félagslega stjórn. Á Íslandi hefur Alþýðufylkingin talað fyrir 'félagsvæðingu' bankakerfisins, ásamt öðrum grunnstoðum samfélagsins, og rökstutt að félagsvæðing sé eina leiðin að raunverulegum jöfnuði í samfélaginu. Þar sem allt í samfélaginu tengist á einhvern hátt hinu fjármálavædda efnahagslegslífi, þá er þar krafa um félagsvæðingu fjármálakerfisins mikilvægust. En hvað, nákvæmlega, er félagsvæðing? Hvers vegna er félagsvæðing

fjármálakerfisins svona brýn? Hvaða leiðir eru færar að henni? Fyrir þessa málstofu er gagnlegt að lesa erindi Þorvaldar Þorvaldssonar á [heimasíðu Alþýðufylkingarinnar](#)

Tími: Föstudagur 16. ágúst · 20:00–21:45

003 **PALLÍETTUBYLTINGIN. HINSEGIN AKTÍVISMI Á TÍMAMÓTUM**  

Umsjón: Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Íris Ellenberger og Svandís Anna Sigurðardóttir

Lýsing: Í námsstofunni verður fjallað á gagnrýnin hátt um hinsegin málefni með Gleðigönguna og Hinsegin daga í forgrunni. Margt hefur áunnist í baráttu hinsegin fólks á Íslandi á undanförunum árum og áratugum, sérstaklega þegar kemur að réttarstöðu. Hugmyndinni um Ísland sem fyrirheitna landið og fyrirmynd annarra þjóða þegar kemur að málefnum hinsegin fólks hefur verið haldið á lofti bæði af þeim sjálfum sem og almenningi. En hvaða samfélagslegu skilaboð sendir Gleðigangan? Er hún róttæk aðgerð eða viðheldur hún ríkjandi kerfi? Hér verður fjallað um hinsegin aktívisma með gleðigönguna sem útgangspunkt og til að mynda skoðað hvernig hugmyndir um þjóðernishyggju, kapítalisma og ný-frjálshyggju hafa áhrif á ríkjandi hinsegin orðræðu. Spurt verður hvort þær baráttuaðferðir sem notaðar eru í dag beri árangur eða hvort þær þjóni aðeins fámennum hópi og séu jafnvel til þess fallnar að breiða yfir kúgun og misrétti. Þátttakendur eru boðnir til skrafs og ráðagerða um hvers konar aktívismi sé vænlegastur til að brjóta cis-gagnkynhneigða regluveldið á bak aftur. Æskileg heimavinna er að þátttakendur mæti í Gleðigönguna sem haldin verður helgina á undan námsstofunni.

Tími: Laugardagur 17. ágúst · 13:00-14:45

Sunnudagur 18. ágúst · 13:00–14:45

004 **ER VINSTRISTEFNA OF HROKAFULL?** 

Umsjón: Egill Arnarson

Lýsing: Vinstristefnu er oft borið á brýn að hún sé úr tengslum við hversdagsleg vandamál „venjulegs“ eða „vinnandi“ fólks. Þannig er hún sögð boða óraunhæfar lausnir í stjórnámálum, sem henti einkum menntamönnum eða opinberum starfsmönnum, og talsmenn stefnunnar vændir um vissan hroka í garð alþýðu manna. Í þessari námsstofu er ætlunin að kanna hugmyndir franska heimspekingsins Jacques Rancière (f. 1940) en á ferli sínum hefur hann fjallað um þetta vandamál í ólíku samhengi. Annars vegar birtist það honum í viðleitni marxista til þess að frelsa óupplýstan almúgann með rétttri þjóðfélagskenningu, hins vegar í því að upphelja reynsluheim verkamanna sem eigi að veita veruleikafirrtari samfélagshópum pólitíska leiðsögn. Hvort tveggja leiðir að hans mati til þess að þeir sem í orði kveðnu vilji umskapa þjóðfélagið hafa í raun mestan

áhuga á að treysta eigin stöðu innan þess. Kannað verður hversu viðeigandi þessi gagnrýni geti talist á Íslandi í dag.

Tími: Fimmtudagur 15. ágúst · 20:00–21:45

005 **GEGN KAPÍTALISMA OG RÍKISVALDI: ANARKÓ-KOMMÚNISMI OG STOFNUN VEFRITS** ⚡

Umsjón: Andri Þorvaldsson og Hlöðver Sigurðsson

Lýsing: Markmið þessarar aðgerðastofu er að mynda hóp fólks sem geti orðið kjarninn í anarkó-kommúnísku félagsstarfi, með áherslu á skrif og útgáfu á netinu. Umsjónarmenn aðgerðastofunnar hafa tekið þátt í hópnum Uppræting, sem stofnaður var árið 2012 með bakgrunn í Occupy Reykjavík. Innan Upprætingar hafa lengi verið áform um að hefja útgáfu vefrīts, en samtökin ætla sér ekki að starfa innan hins hefðbundna stjórnmálakerfis á Íslandi. Í aðgerðastofunni er ætlunin að fólk taki þátt í umræðum og skiptist á hugmyndum um útgáfustarfsemi á netinu í anda anarkó-kommúnisma. Umsjónarmenn munu útskýra nánar þá blöndu af anarkisma og kommúnisma sem rætt hefur verið um innan Upprætingar, og erindi þeirrar hugmyndafræði við ýmis vandamál í samtímanum.

Tími: Sunnudagur 18. ágúst · 20:00–21:45

006 **ANDÓF GEGN OLÍUVINNSLU** ⚡

Umsjón: Finnur Guðmundarson Olguson og Nanna Hlín Halldórsdóttir

Lýsing: Þessi aðgerðastofa gengur út á skipulagningu andófs gegn olíuleitinni á Drekasvæðinu, sem er aðkallandi verkefni fyrir umhverfisverndarsinna og baráttufólk gegn loftslagsbreytingum. Upplýsingar sem fyrir liggja varðandi málið verða kynntar í stuttu máli, og síðan tillögur lagðar fram um hvað hægt sé að gera til að koma í veg fyrir að Íslendingar verði olíuvinnsluþjóð. Mögulegar aðgerðir verða ræddar og grunnur lagður að því að mismunandi hópar geti hist áfram og gert aðgerðir sínar að raunveruleika. Samhliða aðgerðastofunni verður gangsett vefsíða um umhverfismál. Þar er ætlunin að hafa gott safn nýrra og eldri greina, en jafnframt á síðan að þjóna sem grundvöllur fyrir róttækar aðgerðir í þágu umhverfisins. Tillögur og umræður sem verða til á fundinum verða skrásettar og nýttar til áframhaldandi vinnslu og til miðlunar á vefsíðunni.

Tími: Fimmtudagur 15. ágúst · 18:00–19:45

007 **RADICALIZING FOOD AND FARMING IN ICELAND** 📖 EN

Umsjón: Nick Robinson

Lýsing: This seminar is an invitation to discuss possibilities for a radical shift in food policy and food production in Iceland, aiming towards an anti-capitalist and cooperatively organized

society. The presenter will discuss examples of organic, localized, and decentralized food production models from the United States. Discussion topics might include the current organic movement in Iceland, land use policy, farmer/people-focused energy policy, anti-corporate agriculture politics, worker-owned cooperative organic farming practices, the importance of food crop biodiversity, nutrition as a part of a revolutionary politics, the political economy of food and farming, and how the unique characteristics of Iceland could contribute to a progressive, cooperative, and sustainable food system.

Tími: Wednesday August 14 · 18:00–21:45

008 **LÝÐRÆÐISLEG FYRIRTÆKI OG HAGKERFIÐ** 

Umsjón: Kristinn Már Ársælsson

Lýsing: Leikreglur lýðræðisins þykja sjálfsagðar víða um heim, en fyrirtæki og í raun hagkerfið allt eru engu að síður undanskilin þessum reglum. Í námsstofunni verður fjallað um lýðræðisleg fyrirtæki, en fjölmörg slík fyrirtæki eru rekin með góðum árangri. Rætt verður um fyrirbærið sem slíkt, dæmi um slík fyrirtæki og rannsóknir á þeim. Einnig verður spurt hvaða hagfræðilegar hömlur kunna að standa í vegi fyrir lýðræðislegum fyrirtækjum. Loks verður stutt umfjöllun um hugmyndir að lýðræðisvæðingu hagkerfisins. Þar verður litið til nokkurra stofnanalíkana sem og rædd gagnrýni á nýklassíska hagfræði.

Tími: Miðvikudagur 14. ágúst · 20:00–21:45

009 **VALDABARÁTTAN Í HUNGURLEIKUNUM** 

Umsjón: Nanna Hlín Halldórsdóttir

Lýsing: Þrileikurinn *Hungurleikarnir* eftir Suzanne Collins segir frá hinu ójafna, stéttskipta framtíðarríki Panem sem rís úr rústum Norður Ameríku og skiptist í hina ríku höfuðborg Kapítal og tólf umdæmi sem þjóna höfuðborginni. Hvert ár eru Hungurleikarnir haldnir með tveimur þátttakendum frá hverju umdæmi sem berjast upp á líf og dauða uns aðeins einn sigurvegari stendur eftir á lífi. Þátttaka hörkupíunnar Katniss Everdeen í Hungurleikunum kveikir í óánægju Panem-búa en þegar að við ofurefli er að etja þarf samtakamátt og skipulagningu. En á að beita sömu brögðum og andstæðingurinn? Þrileikurinn færst við erfiðar spurningar um samskipti, vald og andóf í samhengi við stéttaráttök og ójafna dreifingu veraldlegra gæða í heimi sem í fyrstu virðist svo afskaþega ólíkur okkar ... en er það svo? Í námstofunni verður spurt hvað við getum lært um samtakamátt og andóf í okkar eigin heimi út frá átökum Hungurleikanna og þá sérstaklega hversu langt eigi að ganga í að „selja“ andófshugmynd. Námsstofan er kjörin fyrir alla aðdáendur Hungurleikanna sem og öll þau sem vilja kynna sér þennan

áhugaverða fantasíuheim en hin síðarnefndu þurfa að búa sig undir það að nálgast bækurnar frá öðru (og áhugaverðu) sjónarhorni þar sem námstofan mun ekki komast hjá því að „spoila“ söguframvindunni eilítið.

Tími: Sunnudagur 18. ágúst · 18:00–19:45

010 **RÓTTÆKI SUMARHÁSKÓLINN: HVAÐ HEFUR UNNIST? HVERT STEFNUM VIÐ?** ⚡

Umsjón: Umsjónarfolk námsstofa og aðrir aðstandendur Róttæka sumarháskólans

Lýsing: Róttæki sumarháskólinn er kominn vel á veg með að verða einn af hornsteinum róttækra vinstristjórn mála utan flokka á Íslandi. Mikil barátta er framundan, og róttæka vinstrið bíður þess enn að ná eyrum þorra almennings í baráttunni gegn kapítalisma, heimsvaldastefnu, karlaveldi, náttúruspjöllum, rasisma og öðrum formum kúgunar. Nú þegar sumarháskólinn er haldinn þriðja sumarið er gott tækifæri að líta yfir farinn veg, spyrja hvaða árangur hefur náðst og íhuga hvernig Róttæki sumarháskólinn getur styrkt baráttu framtíðarinnar sem best. Í þessari aðgerðastofu er ætlunin að bjóða öllum áhugasömum til umræðu um starf Róttæka sumarháskólans, og virkrar þátttöku í því starfi. Markmiðið er að opna, stækka og efla hópinn sem starfar í kringum RóSu. Allir eru velkomnir, en hér er sérstaklega höfðað til þeirra sem geta hugsað sér að leggja af mörkum til RóSu á næstu árum í formi sjálfboðavinnu, hvort sem er í kringum smíði námsskrár eða önnur verkefni.

Tími: Þriðjudagur 20. ágúst · 18:00–19:45

011 **AFGANISTAN: GJALD HEFNDARINNAR. BIÓSÝNING OG UMRÆÐUR UM VESTRÆNA ÍHLUTUNARSTEFNU** 📖 ✨

Umsjón: Sólveig Anna Jónsdóttir

Lýsing: Eftir árásirnar á tvíburaturnana haustið 2001 leið ekki á löngu þar til Bandaríkin gerðu innrás í Afganistan, studd miklum fjölda viljugra þjóða. Yfirlýst markmið innrásarinnar og hernámsins var að handsama Osama Bin Laden, en einnig var rætt um önnur markmið, svo sem að aflétta kúgun kvenna af hálfu Talibana. Með þessum útvíkkuðu markmiðum varð mögulegt að höfða til breiðari hóps fólks á Vesturlöndum. Í hóp þeirra sem aðhyllast heimsvaldastefnu bættust nú femínistar og baráttufólk fyrir mannréttindum sem töluðu um „verndarskyldu“ vestursins gagnvart afgönskum konum. Þannig myndaðist öflugt bandalag sem erfitt var að mæla í móti, og náði það að móta opinbera umræðu um innrásir og hernám Bandaríkjana, Nató og annara viljugra leikara á sviði heimsvaldastefnunnar. Þessi námsstofa hefst með því að sýnd verður hin verðlaunaða heimildamynd *Afghanistan, The Price of Revenge* eftir Alberto Marquardt, og að því búnu mun Sólveig Anna Jónsdóttir stýra umræðum þar sem spurningar af þessu tagi verða ræddar: Hverjar voru hinar raunverulegu ástæður fyrir innrásinni? Getur verið að

hreinn hefndarþorsti hafið ráðið för? Hvað verður um almenning í Afganistan þegar hernámsliðið fer árið 2014? Hverjir högnuðust á svokölluðu uppbyggingarstarfi? Hefur staða kvenna og barna batnað? Hvernig stendur á því að Talibanar eru eins öflugir og raun ber vitni? Nú þegar friðsamlegum lausnum er hvað eftir annað hafnað á alþjóðlegum vettvangi, stríðsæsingamenn á Vesturlöndum krefjast þátttöku í enn einu stríðinu og nýr íslenskur utanríkisráðherra boðar aukinn stuðning og samvinnu við NATÓ, er mikilvægt að horfa yfir farinn veg og hugleiða afleiðingar innrásarinnar í Afganistan.

Tími: Mánudagur 19. ágúst · 18:00–21:45

012 **NIÐUR MEÐ AUÐVALDIÐ! UM ANDKAPÍTALÍSKA BARÁTTU INNAN ÍSLENSKA VINSTRISINS**  

Umsjón: Sólveig Anna Jónsdóttir og Viðar Þorsteinsson

Lýsing: Andstaða við stéttskipt auðvaldssamfélag hefur frá upphafi verið eitt af hreyfiöflum róttækrar verkalýðsbaráttu og vinstristjórn mála. Eftir áratuga ofurefli nýfrjálshygjunnar stendur mannkynið á ný frammi fyrir versnandi arðráni og stéttakúgun, en einnig öðrum vaxandi vandamálum sem leiða af hinu stjórnlausa kapítalíska kerfi svo sem loftslagsbreytingum og auðlindaþurrð. Aðrar birtingarmyndir kúgunar á borð við heimsvaldastefnu og rasisma tengjast einnig valdaójafnvægi kapítalismans beint. Engum dylst óánægja og reiði vegna afleiðinga auðmagnskerfisins, sér í lagi í kjölfar fjármálakreppunnar. En hvers vegna hafa hvorki stjórn mála flokkar né verkalýðshreyfing á Íslandi sett andstöðu við auðvaldskerfið á oddinn? Í þessari námsstofu er ætlunin að bjóða til umræðu um stöðu andkapítalískrar baráttu innan vinstrisins á Íslandi í dag. Sólveig og Viðar munu setja fram nokkrar mikilvægar grundvallarspurningar fyrir þá baráttu, meðal annars með hliðsjón af stórum deilumálum síðustu ára og stöðu Íslands í umheiminum. Aðaláherslan í þessari námsstofu er á virka þátttöku og umræður sem munu fara fram í minni hópum. Námsstofan verður haldin í tveimur kennslustundum, þar sem þeirri fyrri er ætlað að greina vandamál og skýra stöðuna, og þeirri seinna að fjalla um úrlausnir og verkefni framtíðar. Allir sem hafa áhuga á að hugsa um og berjast fyrir réttlátu þjóðskipulagi eru hvattir til að mæta!

Tími: Laugardagur 17. ágúst · 15:00–16:45

Sunnudagur 18. ágúst · 15:00–16:45

013 **BANNING THE BOMB: A NEW CAMPAIGN TO ABOLISH NUCLEAR WEAPONS**  EN

Umsjón: Ray Acheson

Lýsing: This seminar will focus on nuclear weapons: why do they still exist when so many world leaders are apparently committed to nuclear abolition? What is being done now by activists to finally get rid of these weapons? Some topics that will be covered include an

overview of the current status of nuclear weapons, a gender analysis of disarmament and arms control, and the strategy of the International Campaign to Abolish Nuclear Weapons (ICAN).

Tími: Friday August 16 · 18:00–19:45

014 **RADICAL UNIONS AND YOU** ⚡ EN

Umsjón: Jamie McQuilkin

Lýsing: In the Western world, most unions are dying. Bureaucratic, conservative and disconnected from the lives of working people, they often no longer work properly in the best interests of their membership. They certainly do not work towards a vision of a fairer and more sustainable world. However, there are different ways of organising – more democratic and more radical – that have been proven effective for over 100 years. This session will contain a brief talk on radical unions, focusing on the Industrial Workers of the World and syndicalism, followed by a practical organising workshop emphasising things you can start doing on your next working day.

Tími: Saturday August 17 · 20:00–21:45



Um umsjónarkonur og -menn

Andri Þorvaldsson er Hornfirðingur og vinnur að BS lokaverkefni í HÍ. Hann er fyrrum meðlimur í VG og hefur verið virkur í aktívisma frá hrúni.

Egill Arnarson er M.A. í heimspeki, sagnfræði og latínu frá háskólanum í Kiel. Hann hefur fengist við þýðingar og greinaskrif á sviði heimspeki.

Finnur Guðmundarson Olguson hefur numið heimspeki og húsgagnasmíði á milli þess sem hann hefur unnið margvísleg störf, m.a. við umönnun og aðstoð við fatlaða, malbikun, húsamálun, þýðingar og garðrækt.

Hafdís Erla Hafsteinsdóttir er mastersnemi í kvenna- og kynjasögu við Háskólann í Vínarborg. Hún hefur tekið þátt í hinsegin félags- og aðgerðastarfi á Íslandi og erlendis síðustu ár.

Hlökkver Sigurðsson nemur tónfræði og píanóleik við Listaháskóla Íslands. Hann er fyrrum félagi í UVG, hefur skrifað á Gagnauga.is og er virkur í Zeitgeist-félaginu á Íslandi.

Íris Ellenberger er doktorsnemi í sagnfræði við Háskóla Íslands og hefur verið virk í ýmis konar hinsegin félags- og aðgerðastarfi á síðustu árum.

Jamie McQuilkin is a member of the UK's branch of the Industrial Workers of the World and a new immigrant to Iceland.

Kristinn Már Ársælsson er með BA í heimspeki, diplóma í kennslufræði og MA í félagsfræði. Hann hefur kennt félagsfræði á háskólastigi og er stjórnarmaður í Félagsfræðingafélagi Íslands og Öldu – félagi um sjálfbærni og lýðræði.

Nanna Hlín Halldórsdóttir er meistari í heimspeki frá Kingston University í London og stundar doktorsnám í heimspeki við Háskóla Íslands. Hún hefur haldið þónokkra fyrirlestra um jafnrétti kynjanna á síðustu misserum ásamt því að skrifa ýmsar greinar um sömu mál. Hún er sérstök áhugamanneskja um fantasíur, vísindaskáldskap og sjónvarpsþætti.

Nick Robinson has spent the last several years working to integrate ecological infrastructure into the post-industrial urban landscape of Oakland, California focusing on toxics and pollution mitigation, climate change adaptation, and public health. He has been part of cooperative urban organic farming and land reclamation projects in California and he has organized against nuclearism and militarism in the United States.

Sólveig Anna Jónsdóttir er róttækur sósíalisti. Hún er meðlimur í Attac á Íslandi og situr í miðnefnd Samtaka hernaðarandstæðinga.

Svandís Anna Sigurðardóttir er kynjafræðingur og stundakennari við Háskóla Íslands þar sem hún hefur haft umsjón með námskeiðinu „Hinseginlíf og hinseginbarátta.“ Hún er ritari Samtakanna ‘78.

Ray Acheson is the Director of Reaching Critical Will, the disarmament programme of the Women’s International League for Peace and Freedom (WILPF). She monitors and analyzes many international processes related to disarmament and arms control and advocates for peace and disarmament at the intergovernmental level.

Tinna Þorvaldsd. Önnudóttir er leikkona, tónlistarnemandi og meðlimur í framkvæmdastjórn Alþýðufylkingarinnar.

Tom Ellington is an associate professor of political science at Wesleyan College in Macon, Georgia. Since 2007, he has also served as an elected member of the Macon City Council. Prior to becoming an academic, he worked as a journalist, and he was active in the movement opposing the U.S. invasion of Iraq.

Viðar Þorsteinsson stundar doktorsnám í hugvísindum og hefur verið virkur í ýmsu pólitísku félagsstarfi. Hann er stofnandi Róttæka sumarháskólans.

Þorvaldur Þorvaldsson er trésmiður og formaður Alþýðufylkingarinnar.

